

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

Tilvísun: 2008100037

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um áttundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 15. júní 2009 er tilgreint að skilmálar fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. (áður Nýi Landsbanki Íslands hf.) skuli liggja fyrir af hálfu aðila eigi síðar en þann 17. júlí 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu, dags. 17. júlí 2009, kemur fram að samið hafi verið um uppbyggingu fjármálagernings til uppgjörs vegna ráðstöfunar eigna og skulda á milli Landsbanka Íslands hf. og NBI hf. og fjármögnun NBI hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að eftirfarandi málsliður skuli bætast við 13. tl. ákvörðunar eftirlitsins þann 9. október 2008, sbr. ákvörðun þann 15. júní 2009.


ÁKVÖRÐUN:

Fjármálagerning um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. skal gefa út af hálfu aðila eigi síðar en þann 14. ágúst 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

18. júlí 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri